



## Fundargerð

18. fundar stjórnar FRÍ miðvikudaginn 29. apríl 2015 kl. 19:30  
Fundarsalur A, 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal

---

Mættir: Einar Vilhjálmsson (EV), Jón Steingrímsson (JS), Jónas Egilsson (JE) og Lóa B. Hallsdóttir (LBH). Stefán Skafti Steinólfsson (SSS) mætti á fundinn við umræðu um lið 4.2. á dagskránni. Forföll tilkynntu: Gunnlaugur Júlíusson og Fríða Rún Þórðardóttir.

Formaður setti fund og gekk til dagskrár.

1. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundar eða dagskrá.
2. Tilkynnt var að fundargerðir fyrir fundi nr. 13-15 hefðu verið samþykktar af stjórnarmönnum með tölvupóstum og hefðu þegar verið birtar á vef sambandsins. Fundargerðir fyrir fundi 16 og 17 voru lagðar fram. Óskað verður athugasemda og í kjölfarið samþykkis stjórnarmanna þeirra með tölvupóstum. Þær verða síðan staðfestar og birtar á vefnum.
3. Undirbúningur Smáþjóðaleikana.
  - 3.1. Starfsmannamál. JE kynnti undirbúning starfsmannamála fyrir leikana. Undirbúningur og skipulagning eru í góðum farvegi. Búið að manna nánast allar greinar og verið að undirbúa námskeið fyrir starfsmennina. Óvænt gæti þurft að útvega frönskumælandi þul, og JE mun finna lausn þess, ef að til kemur.
  - 3.2. Þjálfararáð. EV kynnti undirbúning yfirþjálfarahóps FRÍ varðandi þjálfararáð leikana. Yfirþjálfarahópurinn, sem skipaður er yfirþjálfurum liða sem eiga íþróttamenn í landsliðinu hefur skipað eftirtalda þjálfara í þjálfararáð Smáþjóðaleikana: Óskar Hlynsson, Jón Oddsson, Jón Sævar Þórðarson, Kára Jónsson, Ólaf Guðmundsson, Ragnheiði Ólafsdóttur og Unnar Vilhjálmsson. Stjórn FRÍ staðfesti skipun ráðsins.
  - 3.3. Yfirþjálfarar Smáþjóðaleika. Þjálfararáðið tilnefndi Ragnheiði Ólafsdóttur sem yfirþjálfara kvennaliðs Smáþjóðaleikana og Jón Oddsson sem yfirþjálfara karlaliðsins. Stjórn FRÍ staðfesti tilnefningarnar.
  - 3.4. Flokkstjórar. EV lagði fram tillögu um Benóní Jónsson og Ólaf Guðmundsson sem flokkstjóra á leikunum að fenginni tilnefningu yfirþjálfarahópsins. Tillagan var samþykkt og staðfest að báðir þessir aðilar eru reiðubúnir að taka verkefnið að sér. Gerð hafa verið drög að verkaskiptingu á milli flokkstjóra og liðstjóra á leikunum. Drögin verða til frekari umræðu á næsta fundi þjálfararáðsins og lögð fyrir stjórn FRÍ að því loknu. JE mun boða fund á næstunni með EV og flokkstjórunum til þess að skilgreina nánar þeirra hlutverk.
  - 3.5. Liðsstjórar. Ákveðið að fela þjálfararáðinu að tilnefna liðsstjóra sem verða yfirþjálfurum til halds og trausts.
4. Fjármál FRÍ.
  - 4.1. Staða á reikningum FRÍ. JE fór yfir greiðslustöðuna. Greiðlustaðan er ágæt sem stendur, enda hafa undanfarnir mánuðir verið útgjaldaminnstu mánuðir ársins hjá sambandinu. Hægt hefur verið að standa við samkomulag við bankann um lækkun yfirdráttar og engar skuldir eru í vanskilum þótt staðan sé þröng. Þá tilkynnti JE þau ánægjulegu tíðindi að í vikunni hefði verið



uppgert skuldabréf sem sambandið hefur verið með frá árinu 1987. Þetta lækkar greiðslubyrðina um u.þ.b. 100 þús. kr. á mánuði.

- 4.2. Ársreikningar 2014. JS fór yfir ársreikninga sambandsins og dótturfélagsins FRÍ ehf. fyrir árið 2014. Að hans mati þarf að gera nokkrar lagfæringar á fyrirliggjandi uppgjörum áður en þau verða lögð fram til samþykktar í stjórn. Meginbreytingin er að tilgreina þarf í reikningi sambandsins skuld sem FRÍ ehf. er í við RÚV að fjárhæð 2.290 þús. kr. frá fyrri árum. Stjórn FRÍ staðfesti á fundinum að Frjálsíþróttasambandið beri ábyrgð á þessari skuld FRÍ ehf. við RÚV og þar með er óhjákvæmilegt að tilgreina skuldbindinguna í ársreikningi FRÍ. Aðrar efnislegar athugasemdir við uppgjorið voru m.a. að skoða þyrfti nánar orlofsskuldbindingu og áfallna vexti á ógreidda lífeyrisskuld við framkvæmastjóra, endanlega afskrift viðskiptakrafna og staðfestingu á stöðu viðskiptaskulda um áramót. Varðandi framsetningu reikningsins var mat JS að það ætti að sýna í reikningnum ítarlegri sundurliðanir skulda og kostnaðar þannig að sambandsaðilar geti betur áttá sig á fjármálum sambandsins. JE gerði athugasemdir við að tekjur og fjárfesting í tímatökutækjum væri sýnd sem óreglulegur liður í ársreikningi og taldi að það ætti að fella þennan lið inn í aðrar tekjur af reglubundnum rekstri. Þannig hafi ársreikningar verið fram settir hingað til, þó „óreglulegir“ liðir bættust við tekju og gjaldamegin. JE lýsti því yfir að hann myndi ekki undirrita ársreikninginn ef hann yrði settur fram með þessum hætti. JS var falið að ganga frá ársreikningum sambandsins í samstarfi við bókara og leggja fyrir stjórn og skoðunarmenn til samþykktar.
  - 4.3. Fjárhagsáætlun 2015. JS ræddi nauðsyn þess að fram fari umræða um endurskoðun á rekstraráætlun sambandsins fyrir árið 2015. Nokkrum sinnum hefur málið verið á dagskrá án þess að fram hafi farið heildstæð umræðu um áætlunina. Stefnt verður að frekari umræðu um áætlunina fljótlega.
  - 4.4. Kostnaðaráætlun vegna þátttöku í alþjóðlegum mótum 2015. EV ræddi mismunandi leiðir til þess að styrkja þátttökuna, og lagði fram drög að endurskoðaðri áætlun fyrir árið. Óvíst er hvort hugmynd um hækkun á kostnaðarþátttöku félaga úr 25.000 kr. í 35.000 kr. pr. mót stenst lög sambandsins og heppilegra að stýra útgjöldum vegna þessa með árangursviðmiðum við val á keppendum. Í því sambandi getur komið til álita að setja upp A og B lágmark og veita meiri stuðning við þá keppendur sem ná A lágmarkum en þeir sem ná B lágmarkum geti tekið þátt með meiri kostnaðarþátttöku. Ákveðið var að innheimta hjá félögum keppenda 10.000 kr. gjald pr. keppanda á Smáþjóðaleikunum til þess að mæta kostnaði sambandsins við leikana. EV mun vinna áfram með áætlunina og hún verður til frekari umræðu á næstu fundum.
  - 4.5. Kostnaðaráætlun vegna funda og ráðstefna erlendis á árinu 2015. JE var falið að leggja fyrir næsta fund yfirlit og kostnaðaráætlun um alþjóðlega fundi og ráðstefnur sem sambandið þarf að taka þátt í á árinu.
5. Kostnaðarþátttaka vegna verkefna Ólympíuhóps. Samþykkt var að styrkja þá íþróttamenn sem eru í Ólympíuhópi FRÍ og ekki eru á Olympic Solidarity né heldur á A eða B styrkjum hjá afrekssjóði um 100.000 kr. á árinu til æfinga eða keppni. LBH og EV falið að skilgreina reglur um nýtingu styrkjanna.
  6. Skipulagsbreytingar á skrifstofu FRÍ. EV fór yfir skipulagsmál og fyrirliggjandi verkefni á skrifstofu sambandsins. Margoft í vetur hefur stjórn rætt um þörf á því að efla starf skrifstofunnar í markaðsmálum, fjáröflunum og utanumhaldi utan um bæði afreksíþróttastarfið og unglingsstarfið. Á sama tíma hefur framkvæmdastjóri ekki talið vera skilning fyrir hendi hjá stjórn á umfangi daglegra verkefna og takmörkuðu svigrúmi til að bæta á hann verkefnum. Það er mat stjórnar að



óhjákvæmilegt sé að endurskipuleggja starfið og til þess að skapa svigrúm til þess að endurskoða vinnuskipulagið frá grunni sé nauðsynlegt að stjórn hafi óbundnar hendur af öllum eldri ráðningasamningum. Nýverið hafa umsjónarmenn með afreksíþróttastarfinu og unglिंगastarfinu hætt störfum og nú sé rétt að segja upp ráðningasamningi framkvæmdastjóra og ganga til viðræðna við hann um endurráðningu með breyttu starfssviði. JE óskaði eftir rökstuðningi fyrir því hvernig að núverandi ráðningasamningur hans hindraði endurskipulagningu starfa á skrifstofunni, og lýsti þeirri skoðun sinni að uppsögn væri óþörf og eingöngu væri verið að gera breytingar breytinganna vegna. EV lýsti því að í núverandi ráðningasamningi væru m.a. ákvæði sem ættu ekki lengur við og því tæknilega um að ræða að segja upp núverandi ráðningasamningi hvort heldur nýr er undirritaður samhliða eða síðar. Samþykkt var af meirihluta stjórnar að segja upp ráðningasamningi framkvæmdastjóra frá með og næstu mánaðarmótum með lögbundnum fyrirvara og EV var falið að leggja fyrir stjórn í maí mánuði tillögur um endurskipulagningu starfa á skrifstofu sambandsins. JE var tilkynnt um uppsögn ráðningasamningsins á fundinum og EV afhenti honum bréf sem formlega uppsögn samningsins því til staðfestingar.

7. Markaðs- og fjáröflunarstarf á skrifstofu FRÍ. Frestað.
8. Mótaröðin 2015 – Staða mála. Frestað.
9. Íslandsmeistaramót í 5 km. Götuhlaupi. Frestað.
10. Önnur mál. JE sagði frá því að samþykkt hefði verið hjá IAAF að leggja 23 m. ISK í nýtt mót fyrir smáþjóðirnar á árinu 2016. Nánari útfærsla á mótinu mun fara fram á næstu mánuðum. Stjórn var sammála að þetta væru mjög jákvæðar fréttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:30.

Fundargerð ritaði Jón Steingrímsson.